

## Nýsköpunarsjóðurinn Kría Ársreikningur 2025

Nýsköpunarsjóðurinn Kría  
Kringlunni 7  
103 Reykjavík

kt. 691097-2859

# SKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNAR OG FORSTJÓRA

Nýsköpunarsjóðurinn Kría (Kría) var stofnaður með lögum nr. 90/2024. Kría er sjálfstæður sjóður sem á að stuðla að árangursríku og alþjóðlega samkeppnishæfu fjármögnunarumhverfi fyrir sprota- og nýsköpunarfyrirtæki. Markmið sjóðsins er að styðja við öflugt atvinnulíf á grunni hugvits og þekkingar og efla þannig vöxt, velsæld og samkeppnishæfni Íslands.

Þann 1. janúar 2025 hóf sjóðurinn starfsemi og tók yfir allar eignir og skuldir Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs.

Ársreikningur Nýsköpunarsjóðsins Kríu er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerðir um framsetningu og innihald ársreikninga.

Nýsköpunarsjóðurinn Kría er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins.

## Rekstur

Á árinu 2025 nam tap af rekstri sjóðsins 348,9 millj. kr. Eigið fé í lok árs nam 6.365 millj. kr. Vísað er til skýringa í ársreikningnum varðandi jöfnun taps og aðrar breytingar á eigin fjárreikningi á árinu. Á árinu 2025 störfuðu að meðaltali 4 starfsmenn hjá sjóðnum.

Árið 2025 var fyrsta starfsár sjóðsins í kjölfar þess að Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins og Kría – sprota- og nýsköpunarsjóður voru lagðir niður og Nýsköpunarsjóðurinn Kría (NSK) tók yfir eignir og skuldbindingar þeirra. Raunar tafðist nokkuð að koma starfsemi sjóðsins af stað þar sem ný ríkisstjórn tók við völdum í desember 2024. Stjórn hafði þegar verið skipuð en starfsemin komst ekki af stað fyrr en nýr ráðherra menningar, nýsköpunar og háskóla hafði skipað í stöðu forstjóra sjóðsins í lok janúar. Í febrúar og mars var unnið í stefnumótun fyrir sjóðinn en að þeirri vinnu komu fjölmargir aðilar úr nýsköpunarumhverfinu. Í kjölfar stefnumótunarvinnunnar var einnig samþykkt fjárfestingarstefna og rammi utan um starfsemina.

Í lok maí voru ráðnir til starfa fjárfestingastjórar sjóða- og beinna fjárfestinga og þá má segja að starfsemin hafi fengið byr undir báða vængi.

Verkefni ársins voru fjölbreytt og lögð var áhersla á að kynna hinn nýja sjóð fyrir hagaðilum.

Í október var auglýst eftir umsóknum í Frumsjóð 25, sem er átak í fjárfestingum í sprotafélögum á frumstigi, og samþykkt að verja til þess alls 350 millj. kr. Alls sóttu 88 félög um þátttöku og voru, með aðstoð 15 manna valnefndar, 11 félög valin til fjárfestingar. Félögin hafa frest til 31. mars 2026 að útvega mótframlag sem verður að vera að lágmarki jafnhátt. Markmiðið með kröfu um mótframlag er að örva og virkja englafjárfestingar.

Á árinu var einnig samþykkt að verja 300 millj. kr. til fjárfestinga í sprotafyrirtækjum sem sérhæfa sig í lausnum fyrir heilbrigðiskerfið. Sérstakt fagráð var skipað til að fjalla um fjárfestingarnar og ráðleggja stjórn NSK.

Í lögum um NSK er heimild til að fjárfesta í erlendum sjóðum, sem er nýjung frá því sem áður var. Töluverð eftirspurn hefur verið eftir fundum með fjárfestingastjóra sjóðafjárfestinga en samþykkt var að fjárfesta í einum innlendum vísisjóði, Brunni III, fyrir 1.000 millj. kr. Nokkrar fjárfestingar eru til skoðunar.

Á árinu var hlutur í félaginu TymeWear Inc. seldur og var það eina sala ársins. Samkvæmt skýrslu Framvís, félags vísisjóða, fyrir árið 2025 var einungis ein önnur útganga (exit) á árinu, sem segir nokkuð um þunga stöðu á markaðnum.

Hlutdeild NSK í vísisjóðum sem áður tilheyrðu Kríu er færð á niðurfærðu kostnaðarverði (uppfært gangvirði frá sjóðunum sjálfum). Virði eignasafns sjóðsins, sem áður tilheyrði Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins (NSA), er fært líkt og áður á kostnaðar- eða stofnvirði, en þó eru gerðar varúðarfærslur ef þurfa þykir.

Rekstrarkostnaður sjóðsins breytist verulega þar sem umsýslukostnaður vegna Kríu (eldri sjóðs), sem ráðuneytið greiddi fyrir, um 60 millj. kr., fellur niður. Sá sparnaður er meðal þess sem fékkst við sameiningu sjóðanna.

Á árunum 2026 og 2027 verður sérstök áhersla lögð á að skoða möguleika á sölu eignarhluta í félögum sem eru efnileg og ganga vel og geta skilað sjóðnum góðri ávöxtun.

NSK átti í góðu samstarfi við fjölmarga aðila á árinu sem hér er þakkað fyrir.

## Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu sjóðsins á árinu 2025, efnahag sjóðsins 31. desember 2025 og breytingu á eigin fé á árinu, í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga.

Stjórn og forstjóri Nýsköpunarsjóðsins Kríu staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2025 með undirritun sinni.

Reykjavík, 16. apríl 2026

## Stjórn

 **RAFRÆNT UNDIRRITAD**  
Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir  
Kt. 2502775209  
Dags. 17.4.2026 11:44:26  
Ástæða: Undirritun

 **RAFRÆNT UNDIRRITAD**  
Guðmundur Halldór Björnsson  
Kt. 0309745229  
Dags. 17.4.2026 13:40:45  
Ástæða: Undirritun

 **RAFRÆNT UNDIRRITAD**  
Sigríður Mogensen  
Kt. 3107852619  
Dags. 17.4.2026 13:19:04  
Ástæða: Undirritun

 **RAFRÆNT UNDIRRITAD**  
Róbert Eric Farestveit  
Kt. 1305852729  
Dags. 17.4.2026 14:53:31  
Ástæða: Undirritun

 **RAFRÆNT UNDIRRITAD**  
Ásta Dís Óladóttir  
Kt. 0412725709  
Dags. 17.4.2026 12:06:34  
Ástæða: Undirritun

## Forstjóri

 **RAFRÆNT UNDIRRITAD**  
Hrönn Greipsdóttir  
Kt. 1805663099  
Dags. 17.4.2026 11:50:08  
Ástæða: Undirritun

# ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til stjórnar og eigenda í Nýsköpunarsjóðnum Kríu

Áritun um endurskoðun ársreiknings

## Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Nýsköpunarsjóðsins Kríu fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar og forstjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2025, efnahag hans 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við, samkvæmt okkar bestu vitund, að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

## Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð sjóðnum í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og forstjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi sjóðsins. Ef við á skulu stjórn og forstjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og forstjóri hafi ákveðið að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

## Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitung við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé fram hjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti sem snertir endurskoðunina í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað var fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, og metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á

Reykjavík, 16. apríl 2026

**Advant endurskoðun ehf.**

 **RAFRÆNT UNDIRRITAD**  
Sveinn Rúnar Reynisson  
Kt. 0305744279  
Dags. 17.4.2026 16:22:00  
Ástæða: Undirritun

# REKSTRARREIKNINGUR

## ÁRSINS 2025

|                                            | Skýr. | 2025                     |
|--------------------------------------------|-------|--------------------------|
| <b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>    |       |                          |
| Afkoma af eignarhlutum í félögum.....      |       | ( 116.389)               |
| Afkoma af samlagshlutfélögum.....          |       | ( 106.685)               |
| Vaxtatekjur.....                           | 10    | 49.892                   |
| <b>Samtals</b>                             |       | <u>( 173.182)</u>        |
| <br><b>Rekstrartekjur og rekstrargjöld</b> |       |                          |
| Aðrar rekstrartekjur.....                  |       | 2.788                    |
| Laun og launatengd gjöld.....              | 11    | ( 84.863)                |
| Annar rekstrarkostnaður.....               |       | ( 93.602)                |
| <b>Samtals</b>                             |       | <u>( 175.677)</u>        |
| <br><b>Tap ársins.....</b>                 |       | <u><u>( 348.859)</u></u> |

# EFNAHAGSREIKNINGUR

## 31. DESEMBER 2025

|                                        | Skýr. | 2025             |
|----------------------------------------|-------|------------------|
| <b>Eignir</b>                          |       |                  |
| Eignarhlutir í félögum.....            | 12    | 2.828.802        |
| Eignarhlutir í Samlagshlutfélögum..... | 14    | 2.085.575        |
| Almenn útlán.....                      | 15    | 133.874          |
| Mótframlagslán.....                    | 16    | 229.311          |
| Aðrar fjáreignir.....                  | 17    | 111.271          |
| Aðrar skammtímakröfur.....             |       | 1.481            |
| Markaðsverðbréf, fjárvarsla.....       |       | 45.764           |
| Handbært fé.....                       |       | 956.734          |
| <b>Eignir samtals</b>                  |       | <b>6.392.812</b> |
| <b>Eigið fé</b>                        |       |                  |
| Stofn fé.....                          |       | 6.713.913        |
| Annað eigið fé.....                    | 11    | ( 348.859)       |
| <b>Eigið fé samtals</b>                |       | <b>6.365.054</b> |
| <b>Skuldir</b>                         |       |                  |
| Aðrar skammtímaskuldir.....            |       | 27.758           |
| <b>Skuldir samtals</b>                 |       | <b>27.758</b>    |
| <b>Eigið fé og skuldir samtals</b>     |       | <b>6.392.812</b> |

# SJÓÐSTREYMISYFIRLIT

## ÁRÍÐ 2025

|                                                     | Skýr.                    | 2025       |
|-----------------------------------------------------|--------------------------|------------|
| <b>Rekstrarhreyfingar</b>                           |                          |            |
| Tap ársins.....                                     | 19                       | ( 348.859) |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi     |                          |            |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....               |                          | 173.182    |
|                                                     |                          | <hr/>      |
|                                                     | Veltufé til rekstrar     | ( 175.677) |
|                                                     |                          | <hr/>      |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum..... |                          | ( 7.650)   |
|                                                     | Handbært fé fyrir vexti  | ( 183.327) |
|                                                     |                          | <hr/>      |
| Innheimtar vaxtatekjur.....                         |                          | 25.172     |
|                                                     | Handbært fé til rekstrar | ( 158.155) |
|                                                     |                          | <hr/>      |
| <b>Fjárfestingarhreyfingar</b>                      |                          |            |
| Fjárfesting í eignarhlutum í félögum.....           |                          | ( 135.000) |
| Seldir eignarhlutir í félögum.....                  | 11                       | ( 210.902) |
| Fjárfesting í samlagshlutafélögum.....              |                          | ( 286.276) |
| Fjárvarsla markaðsverðbréfa, breyting.....          |                          | 159.122    |
|                                                     | Fjárfestingahreyfingar   | ( 51.252)  |
|                                                     |                          | <hr/>      |
| <b>Fjármögnunarhreyfingar</b>                       |                          |            |
| Innborgað stofnfé.....                              | 19                       | 797.833    |
|                                                     | Fjárfestingahreyfingar   | 797.833    |
|                                                     |                          | <hr/>      |
| Hækkun á handbæru fé.....                           |                          | 588.426    |
|                                                     |                          | <hr/>      |
| Handbært fé yfirtekið við stofnun 1.1.....          |                          | 368.308    |
|                                                     |                          | <hr/>      |
| Handbært fé í lok árs.....                          |                          | 956.734    |
|                                                     |                          | <hr/>      |

## 1. Sjóðurinn

Nýsköpunarsjóðurinn Kría starfar samkvæmt lögum nr. 90/2024 og er samkvæmt þeim sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins. Yfirumsjón með sjóðnum er í höndum ráðherra menningar, nýsköpunar og háskóla. Hlutverk Nýsköpunarsjóðsins Kríu er að stuðla að uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs með því að taka þátt í fjárfestingum í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum. Í þessu skyni er sjóðnum heimilt að leggja fram hlutafé, veita lán og ábyrgðir.

## 2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Nýsköpunarsjóðs Kríu fyrir árið 2025 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum, að því undanskildu að markaðsverðbréf sem skráð eru á virkum markaði eru færð á gangvirði. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og fjárhæðir eru birtar í þúsundum.

## 3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

## 4. Erlendir gjaldmiðlar

Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsárs. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

## 5. Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til

## 6. Skattamál

Sjóðurinn er undanþeginn tekjuskatti.

## 7. Fjáreignir

Eignarhlutir í félögum, fjárfesting í samlagshlutafélögum og útlán sem ætlunin er að eiga fram á gjalddaga eru metin á kostnaðarverði. Ef gangvirði fjáreigna er lægra en kostnaðarverð er færð gangvirðislækkun á eignina þannig að bókfært verð sé ekki hærra en gangvirði.

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsvirði og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem hún fellur til.

**8. Handbært fé**

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum og eign í lausafjársgjóðum. Lausafjársgjóðir eru auðseljanleg markaðsverðbréf með skamman líftíma og stöðugu gengi.

**9. Skuldbindingar**

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

**10. Vaxtatekjur og vörslutekjur af inneignum**

Vaxtatekjur og vörslutekjur af inneignum greinist þannig:

**2025**

|                                    |        |
|------------------------------------|--------|
| Vaxtatekjur af útlánum.....        | 24.720 |
| Vaxtatekjur af bankainnstæðum..... | 11.675 |
| Tekjur af vörslusjóðum.....        | 13.497 |
| Samtals.....                       | 49.892 |

**11. Starfsmannamál**

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

**2025**

|                             |        |
|-----------------------------|--------|
| Laun.....                   | 62.486 |
| Lífeyrissjóður.....         | 13.619 |
| Önnur launatengd gjöld..... | 8.758  |
|                             | 84.863 |

Stöðugildi að meðaltali yfir árið..... 4

Laun stjórnar og framkvæmdastjóra eru sem hér segir:

**2025**

|                                         |        |
|-----------------------------------------|--------|
| Laun forstjóra.....                     | 19.781 |
| Laun stjórnar.....                      | 10.800 |
| Laun stjórnar og forstjóra samtals..... | 30.581 |

**12. Eignarhlutir í félögum**

Breytingar á árinu greinist þannig:

**2025**

|                                              |                  |
|----------------------------------------------|------------------|
| Eignarhlutir yfirteknir við stofnun 1.1..... | 2.856.378        |
| Fjárfest í nýjum eignarhlutum.....           | 311.133          |
| Bókfært verð seldra eignarhluta.....         | ( 166.531)       |
| Niðurfærsla eignarhluta.....                 | ( 172.178)       |
| Eignarhlutir í lok árs.....                  | <u>2.828.802</u> |

Eignarhlutir í félögum eru færðir á kostnaðarverði eða gangvirði reynist það lægra í samræmi við 40. gr. og 70. gr. laga um ársreikninga þar sem þeirra er aflað eingöngu í þeim tilgangi að endurselja þá.

**13. Eignarhlutir í félögum**

Eignarhlutir í félögum greinast þannig í lok árs 2025

|                                     |       |                                 |       |
|-------------------------------------|-------|---------------------------------|-------|
| 3Z ehf. ....                        | 18,3% | Horseday ehf. ....              | 11,8% |
| Activity Stream .....               | 1,7%  | Humble Software ehf. ....       | 10,0% |
| Akthelia ehf. ....                  | 12,7% | Kara Connect ehf. ....          | 9,3%  |
| Ankeri Solutions ehf. ....          | 14%   | Klappir grænar lausnir hf. .... | 2,6%  |
| Atmonia ehf. ....                   | 2,6%  | Lauf Cycles hf. ....            | 14,8% |
| Bara tala ehf. ....                 | 12,0% | Marea ehf. ....                 | 10,4% |
| Beqom SA (Pay Analytics ehf.) ..... | 0,6%  | Mint Solutions Holding BV       |       |
| Coori Holdings Ltd. ....            | 3,8%  | (Medeye) .....                  | 6,9%  |
| Dohop ehf. ....                     | 4,2%  | Mink Campers ehf. ....          | 16,1% |
| Evolytes ehf. ....                  | 18,4% | Mýsköpun ehf. ....              | 14,2% |
| Florealis ehf. ....                 | 6,6%  | Parity ehf. ....                | 5,6%  |
| Flow ehf. ....                      | 4,9%  | Risk ehf. (Retina Risk) .....   | 5,0%  |
| Genis ehf. ....                     | 5,5%  | Sweeply ehf. ....               | 10,1% |
| Hefring ehf. ....                   | 24,2% | Tulipop ehf. ....               | 1,9%  |

**14. Eignarhlutir í samlagshlutfélögum**

Breytingar á árinu greinist þannig:

|                                                  | 2025       |
|--------------------------------------------------|------------|
| Samlagshlutfélög yfirtekin við stofnun 1.1. .... | 1.901.982  |
| Fjárfesting í samlagssjóðum.....                 | 290.277    |
| Niðurfærsla samlagshlutfélaga.....               | ( 106.684) |
| Samlagshlutfélög í lok árs .....                 | 2.085.575  |

|                            | Hlutdeild | Bókfært verð |
|----------------------------|-----------|--------------|
| Frumtak slhf.....          | 100,0%    |              |
| Frumtak 3 slhf.....        | 10,4%     |              |
| Frumtak 4 slhf.....        | 8,3%      |              |
| Crowberry II slhf.....     | 6,0%      |              |
| REY III - Vöxtur slhf..... | 9,4%      |              |
| Bókfært verð í árslok..... |           | 2.085.575    |

**15. Útlán**

Útlán greinast þannig:

|                                      | 2025      |
|--------------------------------------|-----------|
| Útlán yfirtekin við stofnun 1.1..... | 185.956   |
| Útlánum breytt í hlutafé.....        | ( 56.911) |
| Áfallnir vextir.....                 | 4.829     |
| Útlán í lok árs.....                 | 133.874   |

Útlán sem ætlað er að eiga fram á gjaldaga eru metin á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

**16. Mótframlagslán**

Mótframlagslán er lánaflokkur sem varð til í mótvægisaðgerðum stjórnvalda vegna COVID-faraldursins. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins lánaði 755 m.kr. til 24 fyrirtækja fyrir tilstuðlan ríkisvaldsins en forsenda lánanna var m.a. sú að félögin öfluðu mótframlags frá öðrum hluthöfum fyrir sömu fjárhæð og lánuð var. Lánin fóru ekki í gegnum hefðbundið lánveitingarferli heldur voru skilyrði lánveitinga ákvörðuð með lagasetningu.

Frá upphafi hefur verið ljóst að um áhættusama lánveitingu var að ræða. Nokkur fyrirtæki hafa þegar endurgreitt og önnur hafa umbreytt láni í hlutafé. Í lok árs 2025 stóðu eftir lán til sjö fyrirtækja. Um áramótin var gengið frá nýjum skuldabréfum til 12 mánaða vegna gjaldfallinna lána þar sem ekki hafði verið samið um endurgreiðslu.

**17. Aðrar fjáreignir**

Aðrar fjáreignir eru flokkur fjárfestinga hjá sjóðnum (SAFE-samningar) og tengist átaki í fjárfestingum í sprotafyrirtækjum sem eru komin stutt á veg í sinni þróun.

Heildarfjárfesting í eignarflokknum nemur 111.271 þús. kr. í lok árs 2025.

Forsenda fyrir fjárfestingu er að félagið fái sambærilega fjárfestingu frá öðrum fjárfestum. SAFE-samningurinn (Simple Agreement for Future Equity) kemur aldrei til endurgreiðslu heldur verður honum seinna meir breytt í hlutafé í viðkomandi félögum. Skiptagengið er ákvarðað út frá gengi í nýrri fjármögnun viðkomandi félaga að frádregnum 20% afslætti. Þá eru ákvæði í samningum um hámarksvirði félaga í slíkri fjármögnun. Nánari umfjöllun um samningana er á heimasíðu sjóðsins, [www.nyskopun.is](http://www.nyskopun.is)

**18. Afskriftareikningur fjárfestingaverkefna**

Breytingar á árinu greinist þannig:

|                                      | 2025           |
|--------------------------------------|----------------|
| Framlag í afskriftarreikning .....   | 278.862        |
| Afskriftarreikningur í lok árs ..... | <u>278.862</u> |

Afskriftarsjóður fjárfestingaverkefna greinist þannig:

|                                               |                |
|-----------------------------------------------|----------------|
| Afskriftarreikningur eignarhluta .....        | 172.178        |
| Afskriftarreikningur samlagshlutafélaga ..... | 106.684        |
| Afskriftarreikningur í lok árs .....          | <u>278.862</u> |

Fjáreignir eru færðar niður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir eignarhlutum, útlánnum og fjárfestingum í samlagshlutafélögum. Lagt er í afskriftarreikning árlega með hliðsjón af metinni áhættu hverju sinni en aldrei er virði eigna fært á hærra verði en kaupverði.

**19. Eigið fé**

Innborgað stofnfé sjóðsins er samtals 6.714 millj. kr.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

|                                | Stofnfé          | Ójafnað eigið fé  | Samtals          |
|--------------------------------|------------------|-------------------|------------------|
| Stofnfé 1.1.2025 .....         | 5.916.080        |                   | 5.916.080        |
| Hækkun stofnfjár á árinu ..... | 797.833          |                   | 797.833          |
| Tap ársins .....               |                  | ( 348.859)        | ( 348.859)       |
| Eigið fé 31.12.2025 .....      | <u>6.713.913</u> | <u>( 348.859)</u> | <u>6.365.054</u> |

**20. Leigusamningur**

Sjóðurinn hefur gert leigusamning vegna leigu á skrifstofuhúsnæði. Samningurinn gildir til 30. júní 2031 og nemur árleg leiga 14,9 millj. kr. Leiguskuldbinding í lok árs nemur 82,9 millj. kr.

**21. Skuldbindingar**

Sjóðurinn hefur gert samninga við fimm sjóði um fjárfestingu. Heildarskuldbinding sjóðsins nemur í lok árs 2.783 millj. kr. Ríkissjóður mun fjármagna skuldbindingar sjóðsins með því að hækka stofnfé sjóðsins.

**22. Atburðir eftir reikningsskiladag**

Á fyrstu mánuðum ársins 2026 hefur starfsfólk NSK unnið að skjalagerð fyrir fjárfestingar í þeim félögum sem valin voru í Frumsjóð 25. Ellefu fyrirtæki voru valin í áttakinu og fjárfest verður í þeim með breytanlegum skuldabréfum fyrir 350 millj. kr. sem gefin verða út á árinu 2026. Starfsemin í upphafi árs 2026 er að öðru leyti hefðbundin þar sem fjárfestingarkostir eru skoðaðir og sölumöguleikar á félögum einnig.

**23. Samþykki ársreiknings**

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundinum 14. apríl 2026.

# STOFNEFNAHAGSREIKNINGUR

## NÝSKÖPUNARSJÓÐSINS KRÍU 1. JANÚAR 2025

|                                    | Nýsköpunarsjóður<br>atvinnulífsins | Kría, -sprotu - og<br>nýsköpunarsjóður | Millifærslur | Nýsköpunarsjóðurinn<br>Kría |
|------------------------------------|------------------------------------|----------------------------------------|--------------|-----------------------------|
|                                    | 31.12.2024                         | 31.12.2024                             |              |                             |
| <b>Eignir</b>                      |                                    |                                        |              |                             |
| Eignarhlutir í félögum .....       | 2.856.378                          | 0                                      |              | 2.856.378                   |
| Fjárfestingar í sérhæfðum sjóðum   | 0                                  | 1.037.385                              |              | 1.037.385                   |
| Samlagssjóðir og samlagshlutafélög | 864.600                            | 0                                      |              | 864.600                     |
| Almenn útlán .....                 | 185.956                            | 0                                      |              | 185.956                     |
| Mótframlagslán .....               | 285.392                            | 0                                      |              | 285.392                     |
| Aðrar fjáreignir .....             | 151.271                            | 0                                      |              | 151.271                     |
| Aðrar skammtímakröfur .....        | 5.649                              | 0                                      |              | 5.649                       |
| Markaðsverðbréf, fjárvarsla .....  | 204.886                            | 0                                      |              | 204.886                     |
| Handbært fé .....                  | 363.174                            | 5.134                                  |              | 368.308                     |
| <b>Eignir samtals</b>              | <u>4.917.306</u>                   | <u>1.042.516</u>                       | <u>0</u>     | <u>5.959.822</u>            |
| <b>Eigið fé</b>                    |                                    |                                        |              |                             |
| Stofnfé .....                      | 5.521.767                          | 1.176.977                              | ( 782.655)   | 5.916.079                   |
| Annað eigið fé .....               | ( 648.204)                         | ( 134.461)                             | 782.665      | 0                           |
| <b>Eigið fé samtals</b>            | <u>4.873.563</u>                   | <u>1.042.516</u>                       | <u>0</u>     | <u>5.916.079</u>            |
| <b>Skuldir</b>                     |                                    |                                        |              |                             |
| Aðrar skammtímaskuldir             | 43.743                             | 0                                      | 0            | 43.743                      |
| .....                              | 43.743                             | 0                                      | 0            | 43.743                      |
| <b>Skuldir samtals</b>             | <u>43.743</u>                      | <u>0</u>                               | <u>0</u>     | <u>43.743</u>               |
| <b>Eigið fé og skuldir samtals</b> | <u>4.917.306</u>                   | <u>1.042.516</u>                       | <u>0</u>     | <u>5.959.822</u>            |